



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Bjartahlíð

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat deilda	6
3 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	10
4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	11
5 Foreldrasamvinna.....	11
6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	12
7 Fylgigögn.....	12
7.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	12
7.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	12
7.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	12



Leiðarljós leikskólans:

Í Björtuhlíð er lögð áhersla á að skapa lýðræðislegt og hvetjandi skólasamfélag.

Leikskólinn er vettvangur þar sem nýttar eru fjölbreyttar leiðir og tækifæri til að efla alhliða þroska einstaklingsins í leik og starfi. Starfsfólk Björtuhlíðar hefur valið sér þrjú gildi sem leikskólinn stendur fyrir þau eru: Gleði, samvinna, jákvæðni.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2019-2020 byrjaði einstaklega vel hjá okkur. Mikill áhugi var í starfmannahópnum að hefja innleiðingu nýrrar menntastefnu. Við völdum að taka fyrir Sjálfsefningu þetta skólaár og fengum styrk úr A-hluta þróunarsjóðs SFS til að vinna það verkefni.

Einnig sóttum við um styrk úr B- hluta þróunarsjóðs ásamt leikskólanum Stakkaborg í samvinnu við Hauk Arason lektor í HÍ. Við fengum þann styrk. Umsóknin er um innleiðingu vísindaleiks og heitir „Vísindaleikir – Varmi og hitastig“

Áfram verður haldið með Erasmus+ verkefni sem hófst haustið 2019. Fimm lönd taka þátt í verkefninu með okkur en það eru: Tyrkland, Spánn, Ítalía, Grikkland og Slóvenía. Verkefnið heitir STEAM; Surfing the European Artistic Monuments. Verkefnastjóri verkefnisins er Dýrleif Ingvarsdóttir. Aðstoðarleikskólastjóri og verkefnastjóri fóru til Tyrklands í nóv. 2019 í vinnuferð. Skoðaðir voru skólar í borginni Izmit í héraðinu Kartepe í Tyrklandi. Þar kynntumst við m.a. áhugaverðri nálgun á nýtingu upplýsingatækni í kennslu. Ferð sem átti að fara í maí 2020 til Spánar féll niður vegna Covid-19. Ekki hefur verið ákveðið hvernig framhaldinu á verkefninu verður háttað sökum óvissuástands vegna Covid í heiminum.

Dýrleif Ingvarsdóttir verkefnisstjóri sótti um til Erasmus+ að verða stjórnandi verkefnis sem hefst haust 2020 og stendur til 2022. Verkefnið var samþykkt. Það verkefni heitir Tradition is a source of inspiration – from the region to Europe. Leikskólar þriggja Evrópulanda taka þátt í verkefninu. Þetta eru ásamt okkur, leikskólar í Portúgal og Póllandi.

Þann 3. október var kosið í nýtt foreldraráð og stjórn foreldrafélags. Foreldraráð fundaði 2 sinnum á árinu þar sem leikskólastjóri kynnti ráðinu ýmis málefni skólans. Eins og undanfarin ár var mikill og góður stuðningur af starfsemi foreldrafélagsins og þeirra skipulag gekk vel.

Á öðru ári ungbarnaleikskólans í Stakkahlíð hefur skipulag starfsins haldist nokkuð óbreytt frá því sem var byrjað með. Starfsmenn voru sammála um að þær breytingar sem gerðar hefðu verið árið áður



kæmu vel út. Breytingarnar voru aðallega þær að salurinn í húsinu varð matstofa þar sem börnin borða morgunmat í flæði á morgnana og skiptast svo á að borða í hádegi og í síðdegishressingu. Mjög góð nýting er svo á salnum þess á milli þar sem börn af báðum deildum koma saman yfir daginn og nýta svæðið á fjölbreyttan hátt. Samvinna milli deilda hefur aukist til muna með þessu fyrirkomulagi. Símat um nýtingu leiksvæðis er stöðugt í gangi með öllu starfsfólki Stakkahlíðar.

Í Björtuhlíð í Grænuhlíð er hefð fyrir vísindaleikjum og vísindastarfi. Ýmis fleiri verkefni bættust við með nýjum kennurum eins og sagnagerð á elstu deild og markvissari vettvangsferðir. Í listasmiðju var öflugt starf að vanda. Einstaklingsskráningar í listasmiðjuvinnu hafa þróast og eflst á árinu. Börnunum gefst nú æ meiri tækifæri til að ákveða sjálf hvað þau vilja skapa í listasmiðju og á deildum. Á deildum hefur aðstaða og búnaður til sköpunar verið eflur.

Óskað var eftir því við rekstaraðila að fá breytingu á skipulagi húsnæðis í Furuhlíð fyrir um tveimur árum síðan. Í vor fengum við til okkar Önnu Maríu, arkitekt á vegum Reykjavíkurborgar, sem kom til að skoða væntanlegar breytingar á deildinni. Anna María sá tækifæri til fleiri breytinga/umbóta til að færa leikskólann til 21 aldarinnar og hvatti okkur til að gera greinagerð um allar þær breytingar sem okkur hugnuðust á leikskólanum. Anna María og Fanney Margrét samstarfskona hennar teiknuðu nokkrar útgáfur af tillögum til breytinga. Kristín aðstoðarleikskólastjóri og Dýleif Ingvarsdóttir verkefnisstjóri unnu svo greinargerð sem skilað var inn til Skóla og frístundasviðs í september 2020. Í greinargerðinni er m.a. óskað eftir betri starfsmannaaðstöðu, opnara og bjartara leikrými fyrir börnin, bætt loftgæði og matstofu þar sem börn þyrftu ekki að matast í heimastofum. Þessar nýju hugmyndir urðu þess valdandi að ekki var ráðist í endurbætur sem búið var að ákveða heldur bíðum við eftir hvernig tekið verður í nýjar hugmyndir um breytingar á húsnæðinu.

Talsverðar breytingar urðu í starfsmannahópnum. Þrír nýir deildarstjórar tóku við deildum. Þá er ánægja með að karlmönnum heldur áfram að fjölga í starfsmannahópnum. Þrír starfsmenn voru í langtíma veikindum á skólaárinu.

Á deildastjórafundi í maí 2019 var valið í fagråd sem hefur þann tilgang að samræma búnað og umhverfi á deildunum. Einnig var valið í skráningaråd sem hefur það markmið að samræma skráningar milli deilda. Skráningaråd setti upp leiðbeiningar um skráningavinnu sem er aðgengilegt öllu starfsfólki.

Í upphafi skólaárs var eitt barn með stuðningstíma en í lok skólaárs voru þau orðin þrjú. Hópur barna fékk sérstaka málörvun hjá talmeinafræðingi sem hitti börnin reglulega í leikskólanum.

Talmeinafræðingur vann í samstarfi við sérkennslustjóra, foreldra og kennara barnanna. Það er



jákvætt að okkar mati að fá talmeinafræðinga inní leikskólann þar sem samstarfið gerir vinnu með börnin mun markvissari.

Læsissteymið var virkt á skólaárinu og fundaði með aðilum frá „Miðju máls og læsis“. Ákveðið var að að allir nýir starfsmenn kynntu sér læsisáætlun.

Sérkennslustjóri fór á réttindanámskeið á EFI-2 prófi sem er fyrir þriggja til fjöggra ára gömul börn. EFI-2 prófar og mælir tjáningu og skilning hjá börnum á fjórða ári. Prófið verður lagt fyrir öll 3ja ára börn í Björtuhlíð á næsta skólaári. Einnig er TRAS og APES skráning notuð reglulega fyrir sum börn.

Leikskólinn tók annað árið í röð þátt í tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar um sumaropnun leikskóla, einn leikskóli í hverju hverfi var opin í sumarlokun leikskólanna. Það var gott að búa að reynslu frá sumaropnun fyrra árs og auðveldaði það skipulagningu sumaropnunnar. Það var drjúgur tími stjórnenda sem fór í að undirbúa sumaropnun og fjöldi barna lá ekki ljós fyrir fyrir en nokkrum dögum fyrir opnunina. Það voru 20 börn sem nýttu sumaropnunina en það voru mest 14 börn í leikskólanum á sama tíma.

Á næsta skólaári verður haldið áfram með innleiðingu nýrrar menntastefnu. Við völdum að taka fyrir félagsfærni þetta skólaár. Ákveðið var að nýta kennsluefnið Vinátta sem er forvarnaverkefni Barnaheilla gegn einelti ætlað leikskólum, fyrstu bekkjum grunnskóla, frístundaheimilum og dagforeldrum. Verkefnið felst í útgáfu námsefnis sem ætlað er börnum, foreldrum þeirra og starfsfólki. Við höfum heyrt hjá skólum í kringum okkur að mikil ánægja sé með verkefnið.

2 Innra mat deilda

Á vormánuðum fór mest öll undirbúnings og skipulagsvinna í að setja upp áætlanir vegna breytts ástands í samfélaginu. Skólastarfið var skipulagt uppá nýtt og reynt var að fylgja öllum fyrirmælum um sóttvarnir og skólastarf á farsóttartímum. Kennarar og starfsfólk leikskólans vann þrekvirki að mínu mati við að halda uppi öflugu skólastarfi og góðum skólaanda á þessum erfiðu tímum. Minni orka var eftir til innra mats en í venjulegu árferði. Innra mat á starfi deilda snérist að mestu leiti um að meta innleiðingu nýrrar menntastefnu.

Deildarstjórar mátu starfið með starfsfólki sínu og nýttu til þess gátlista af síðu Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Deildarstjórar voru einnig hvattir til að fara yfir leik og námsumhverfi deildanna ásamt fataherbergjum og meta hvort eitthvað stæði í vegi fyrir sjálfseflingu og sjálfsbjörg barna. Margar tillögur komu frá deildum og farið var í nokkrar minniháttar framkvæmdir eins og að lækka sápuskammtara og þurrkuskammtara, við létum smíða fyrir okkur svokallaðan *skóþræl* sem auðveldar börnunum að fara sjálf úr skónum, keyptum minni vatnskönnur inná deildir og fleira.

Mat fyrir skólaárið í Hlíð og Holti 2019-2020

Deildastjórar á yngstu deildum gerðu sameiginlegt mat.

- Skipulögð dagskrá hefur gengið vel hjá okkur í Hlíð og Holti var henni haldið áfram þrátt fyrir að deildarstjórar væru báðir í sóttkví í mars og apríl. Starfsfólk á deildinni stóð sig mjög vel í að halda utanum skipulagða dagskrá á þessum skrítna tíma.
- Það virkar vel á börnin að vita hvernig dagurinn verður og eru þau fljót að læra þessa rútinu. Samverustund og skipulagt hópastarf eru fyrir hádegi. Í samverustund skiptum við börnunum í tvo hópa ,yngri og eldri þá nær maður betur til barnanna við lestur bóka og annað. Eftir hádegi og hvíld er leikur úti eða inni, svo kemur kaffitími, samverustund og leikur úti eða inni. Við vinnum markvisst að því að efla málþroska og sjálfseflingu. Við notum t.d. Lubba (málörvunarverkefni). Vegna ástandsins í þjóðfélaginu var ekki hægt að senda hann heim með börnunum þetta árið, en gerum það næst haust.
- Við hvetjum börnin til að gera sjálf t.d. í fataherbergi (sjálfsefling).
- Það hefur gengið mjög vel að borða í miðrymi skólans en á covid tímanum var borðað inni á deildum sem gekk líka vel.
- Yngri börnin á deildinni Hlíð borða fyrst og síðan eldri börnin á deildinni Holti.

- Við förum með nokkur börn inn í hvíldar/leikherbergi eftir morgunmat ef að mörg börn eru búin að borða á sama tíma, þá skiptum við þeim þannig upp til að létta á deildunum áður en samverustund byrjar sem er klukkan 9:00
- Miðrýmið hefur verið nýtt af báðum deildum til að skipta börnunum í hópa. Nokkur börn frá báðum deildum fá að leika saman á því svæði, það skapar traust og öryggi hjá börnunum því þau kynnast þannig öllum börnum og kennurum skólans. Þannig skapast líka meiri samvinna milli deilda.
- Það var ákveðið að hafa ekki fleiri en 12 börn á miðsvæði, það hefur reynst ágætlega. Gott var að fá gólfhita, lægri húsgögn og hillur sem henta yngri börnum. Tvö hærri borð eru í miðrýminu og nýlega fengum við góða stóla fyrir börnin. Góð yfirsýn er á miðrými.
- Á morgnanna tókum við á móti börnunum í fataherbergi. Byrjum á því að þvo hendur áður en farið er inn í skólann. Það hefur gengið mjög vel.
- Nýi fíni leikvöllurinn er tilbúin. Starfsfólk, foreldrar og börn eru mjög ánægð með leikvöllinn enda hentar hann yngstu börnum leikskólans mjög vel og er hann einnig vel nýttur af börnum skólans um helgar.

Mat - Sjálfsefning Hlíð og Holt

Börnin hafa ekki orðaforða til að tjá skoðanir en nota líkamstjáningu og bendingar. Við reynum að framfylgja því sem verið er að gefa til kynna.

Við fylgjumst vel með hverju barni og eflum styrkleika þeirra og gerum kröfur eftir því hvar það er státt í þroska. Ef börnin hafa áhuga á ákveðnum efnivið höfum við hann aðgengilegan.

Við leggjum orð á tilfinningar barnanna í daglegu starfi en þau hafa ekki öll orðaforða til þess sjálf.

Börnin fá að standa upp í samveru og syngja fyrir hin börnin en eru ekki með málþroska til að segja sögur.

Erum að byrja að hvetja börnin til að klæða sig sjálf í og úr í fataklefa. Einnig eru þau farin að ganga frá eftir sig í hádeginu.

Vorum með þjóna fyrir Covid-tímabil. Börnin skiptust á að fara og ná í matinn og leggja á borð. Þetta gekk vel og verður tekið upp þegar Covid tímabili lýkur.

Helga Melsted og Guðrún Ágústa

Sjálfsfelling – Furuhlíð og Birkihlíð

Á Furuhlíð og Birkihlíð komu inn nýir deildarstjórar um mitt skólaár. Þar sem verkfall

Eflingarstarfsfólks og Covid hafði mikil áhrif á starfið eftir áramót er hér aðallega mat á fyrrihluta skólaárs unnið að mestu af þá verandi deildastjórum Tui Hirv og Ásu Ásmundardóttur.

Fataherbergi:

- Mikil hvatning einkennir starfið með börnum í fataherbergi
- Börnin finna fötin sjálf og eru hvött til að klæða sig
- Börnin fá að einhverju leiti að að velja hvernig þau klæða sig. Td er val um vettlinga en þau mega alltaf koma og biðja um að fá að sækja föt í fataherbergi ef þeim er kalt úti.

Matartímar:

- Áhersla er lögð á fjölbreytni td að börnin hafi val um hvaða ávexti þau borða í ávaxtatímum
- Börnin skammta sér sjálf í matartímum (fyrir Covid)
- Börnin ganga sjálf frá eftir sig eftir matinn

Hvöld:

- Börnin þurfa ekki að bíða eftir að allir klári matinn heldur geta þau farið beint í hvöld þegar þau eru búin að borða

Salerni:

- Börnin hafa gott aðgengi til að hjálpa sér sjálf á klósetti. Í vetur var sápuskammtari og handþurrkuskammtari settir upp í þægilegri hæð fyrir börnin.

Frjáls leikur:

- Búið er að færa leikefni í opnari og sýnilegri ílát. Leikefnið er einnig staðsett þannig að börnin geti sjálf náð sér í það sem þau vilja leika með.
- Börnin hafa fjölbreytt úrval verkafna úr að velja. Einnig fá þau nokkuð frjálst val um hvaða rými þau vilja vera í eftir því sem hentar þeim í hvert skipti.

Mat Reynihlíð

Áhersla er lögð á sjálfsfellingu. Í matartímum skiptast börnin á að leggja á borð. Börnin skammta sér sjálf og ná í mat í eldhúsið ef þörf er á. Starfsfólk er nú mjög meðvitað að gefa börnunum tækifæri til að leysa úr vandamálum sjálf og kenna þeim að leita aðstoðar ef aðstæður reynast þeim erfiðar.

Einnig er lögð áhersla á að finna lausnir með börnum en ekki fyrir þau. Börnin hafa val um viðfangsefni og fá að hafa áhrif á hvað gert er í skipulögðum stundum.

Í Reynihlíð er aðgengi mjög gott að öllu leikefni sem gerir börnin fær um að bjarga sér sjálf í leik og námi. Einnig er áhersla á góðan samfelldan tíma í leik. Ýmislegt hefur verið bætt í Reynihlíð til að auðvelda börnunum að bjarga sér sjálf. Einfaldir hlutir eins og minni könnur í matartímum gera það að verkum að börnin geta auðveldar helt í glös án hjálpar. Búið er að ákveða að fá koll eða tröppu í fataherbergi svo börnin eigi auðveldar með að ná í fatakassann sinn sem er fyrir ofan hólfið þeirra.



Mat Grenihlíð

Starfsfólk Grenihlíðar finnst vel hafa gengið í sjálfsefningu barna á deildinni. Í janúar var að mestu búið að uppfylla öll skilyrði Gátlistans af síðu menntastefnu Reykjavíkur fyrir utan „gefðu 10“. Starfsfólki fannst ekki raunhæft að geta sinnt því að fullu vegna fjölda verkefna á deildinni. Að sjálfsgöðu er þó mikilvægt að allir hafi í huga að sinna þeim börnum sem tjá sig lítið. Einnig þarf sérstaklega að hlúa að tvítyngdum börnum og börnum af erlendum uppruna. Á Grenihlíð hefur sérstök áhersla á sjálfsefningu í matartíma verið í gangi á síðustu árum. Það er flæði í hádegismatnum eins og í morgunmat og síðdegishressingu. Börnin gera nánast allt sjálf. Mikil ánægja er hjá starfsfólki, börnum og við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð hjá foreldrum. Þrátt fyrir ánægju má gera betur og á næsta vetri verður unnið betur með borðsiði, tengsl milli vina og passa uppá að ekki myndist langar raðir og biðtími. Borðað er við bogaborð sem er ekki hentugt þar sem enginn kennari situr með börnunum og áætlað er að fá ný borð á næsta skólaári. Öll börnin í Grenihlíð skiptast á að fá mikilvæg hlutverk í skólanum. Það eru t.d. þjónar, veðurfræðingar og dagstjórar. Börnin fá oft að velja verkefni. Þau velja hvert farið er í vettvangsferðir, útskriftarferðir, hvað er í matinn og ýmislegt annað. Á vorin fá börnin meira sjálfstæði hvað varðar útlæðnað. Í vetur hefur aukin áhersla verið á að leyfa börnunum að standa upp fyrir framan hópinn og segja frá. Á næsta skólaári er fyrirhugað að láta börnin setja sér markmið að hausti. Skoðað verður hvort það verði langtímamarkmið til vors eða yfir styttra tímabil t.d. desember. Markmiðin þurfa að vera raunsæ og fylgja þarf þeim vel eftir.

Mat listasmiðja

Að venju útbúa börnin jólagjafir til foreldra sinna. Við byrjuðum snemma að undirbúa okkur eða 30. september og veitti ekki af. Börnin geta valið úr fjórum til fimm hugmyndum sem þau svo vinna með. Einnig skreyta þau pappírinn sem notaður er til innpökkunar. Skráningar í máli og myndum eru gerðar af öllu ferlinu sem síðan fylgir gjöfinni. Í Björtuhlíð í Grænuhlíð hefur skapast sú hefð að börnin geri sjálf sína öskudagsbúninga. Þau eru búin að ákveða fyrirfram „hvað þau ætla að vera“ á öskudaginn. Á eldri deildum teikna þau hugmyndir sínar á blað og fara síðan í listasmiðju og gera búninginn. Þar hafa þau algjörlega frjálsar hendur í sköpuninni og fá svo aðstoð við þá hluti sem þarf. Þetta hefur mælst vel fyrir og ánægjan með afraksturinn leynir sér ekki. Þegar Covid-19 skall á var ákveðið að loka tímabundið listasmiðju til að minnka blöndun barna og starfsfólks og var því ekki um að ræða önnur verkefni sem annars hefðu orðið.

3 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru ekki tekin á skólaárinu vegna Covid-19 og veikinda leikskólustjóra.

Starfsfólk er ávalt velkomið á skrifstofu leikskólustjóra til skrafs og ráðagerða.

Tveir starfsmenn voru í leikskólakennaranámi með vinnu.

Haukur Arason lektor frá Menntavísindasviði kom þrisvar á skólaárinu og var með innlegg fyrir starfsfólk elstu deildar um hvernig má kenna börnum um varma gegnum leik. Þetta verkefni var liður í innleiðingu nýrrar menntastefnu og hlaut styrk úr B-hluta þróunarsjóðs ásamt leikskólanum Stakkaborg.

Sérkennslustjóri fór á réttindanámskeið á EFI-prófi sem er fyrir þriggja ára gömul börn. EFI prófar og mælir tjáningu og skilning hjá þriggja ára börnum. Prófið verður lagt fyrir öll 3ja ára börn á næsta skólaári.

Á degi leikskólans þann 7. febrúar fóru 8 kennarar á ráðstefnu sem haldin var á vegum SFS.

Ráðstefnan bar yfirskriftina: „*Gott að leika saman, þá fær maður hugmyndir*“

Leikskólustjóri og verkefnastjóri fóru á námskeið á vegum SFS sem bar yfirskriftina: „*Velliðan á vinnustað*“.

Skipulagsdagar á skólaárinu 2019 – 2020 voru:

- 20. september- Starfsfólk undirbjó og skipulagði leikskólastarfið. Farið var yfir markmið innleiðingar nýrrar menntastefnu – Sjálfsefning. Deildarfundir og undirbúningur á deildum.
- 06. nóvember var haldinn starfsmannafundur. Farið var yfir innleiðingu sjálfsefningar. Deildarstjórar kynntu áherslur hver á sinni deild. Deildarfundir og skipulagning á deildum.
- 03. janúar var mat á fyrrihluta skólaársins með áherslu á innleiðingu nýrrar menntastefnu. Starfsmannafundur var haldinn og hugað að skipulagningu starfsins.
- 17. febrúar kom Ingibjörg Inga sem er íþróttfræðingur, heilsuþjálfari og kennari að mennt ásamt að vera með diplómanám á meistarastigi í jákvæðri sálfræði. Hún var með fyrirlestur um Jákvæðni í skólasterfi. Starfsmannafundur var eftir hádegi.
- 16. mars var auka undirbúningsdagur vegna Covid-19. Unnið var að breytingu á skólasterfi vegna tilmæla frá landlæknisembætti.



- 30. mars fór að mestu í í umræður um hvernig hægt væri að halda uppi öfluggu skólstarfi. Einnig var rætt um hvernig gengi að vinna í nýju skipulagi. Aðgerðir milli deilda voru samræmdar og skerpt á reglum vegna sóttvarna.
- 29. maí – Starfsmannafundur, Deildarfundir og undirbúningur fyrir sumarstarfið

4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfsskóli Björtuhlíðar er Hlíðaskóli. Skólastigin hafa komið sér saman um þrjá sameiginlega starfsdagar á komandi skólaári. Þeir eru: 11. nóvember, 3. janúar og 10. maí. Samstarf við Hlíðaskóla á síðustu árum hafa verið með þeim hætti að :

- Börn í 1. bekk koma í heimsókn í Björtuhlíð að hausti.
- Börn frá Björtuhlíð heimsækja Hlíðaskóla, taka þátt í kennslustund og nestistíma í 1. bekk.
- Börnum í Björtuhlíð er sýndur Hlíðaskóli
- Börnum í Björtuhlíð er boði á leikssýningu í Hlíðaskóla.
- Börn heimsækja frístundamiðstöð Hlíðaskóla og fá að hitta starfsfólk og leika sér.

Í maí funda deildstjórar elstu barnanna með kennurum og sérkennslustjóra væntanlegra nemenda. Upplýsingar eru veittar um barnahópin og afhentar eru niðurstöður úr Hljóm2-prófi og greiningar sem kunna að liggja fyrir.

Kennarar og stjórnandi frístundar hafa verið í sambandi við kennara á elstu deild Björtuhlíðar og er verið að skipuleggja í hvernig við stöndum að þessu samstarfi á tímum Covid.

5 Foreldrasamvinna

Foreldraráð Lög um leikskóla gera ráð fyrir að á hverju hausti sé kosið í þriggja manna foreldraráð að frumkvæði leikskólustjóra sem starfar með ráðinu. Foreldraráð skal gefa umsagnir um framkvæmd skólanámskrár og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans og fylgjast með framkvæmd þeirra. Kosið er til foreldraráðs á haustdögum þegar boðið er til foreldrafundar. Kosnir eru þrjár fulltrúar í foreldraráð Björtuhlíðar. Áætlað er að fulltrúar foreldraráðs skipti með sér verkum. Kosið var í foreldraráð 3. október 2019. Foreldraráð fundaði tvisvar sinnum á starfsárinu. Á sama fundi var kosið

í nýja stjórn foreldrafélags Björtuhlíðar. Þau stóðu sig afar vel í allri skipulagningu viðburða sem félagið stóð fyrir. Foreldrafélagið sér um að:

- Skipuleggja og sjá um jólaball
- Skipuleggja og sjá um að fá ljósmyndara í leikskólann
- Skipuleggja og sjá um sveita eða lautaferð
- Skipuleggja og kosta skemmtidagskrá á sumarhátíð Björtuhlíðar, sjá um að grilla pylsur.

Sumarhátíð Björtuhlíðar var svo með breyttu sniði á skólaárinu vegna Covid-19, þar sem foreldrar gátu ekki tekið beinan þátt.

Foreldraviðtöl:

Allir foreldrar fengu boð í viðtöl, í nóvember og mars. Í mars fóru fram í símaviðtöl vegna Covid-19.

6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í Björtuhlíð skólarárið 2020-2021 eru: 25. september, 11. nóvember, 4. janúar, 5. mars, 10. maí og 4. júní.

7 Fylgigögn

7.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

7.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

7.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	0	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	3	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	10	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	5	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Þjónustumiðstöð/ Tal og heyrnarmiðstöð/ Greiningarstöð
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Orð lög á allt sem er að gerast í umhverfi barnsins. Söngur og sögur, Lubbi og fl. í samverustund
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Lestur bóka, orðabingó, verkefnavinna
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Já settar auknar kröfur á verkefni og bætt við nýjum orðum og setningum
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Með skimunum eins og t.d. EFI-2, TRAS
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none">• Orðaforði og málskilningur• Tjáning og frásögn• Hlustun og hljóðkerfisvitund• Ritmál• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun	Já	Með heildstæðu dagsskipulagi á hverri deild sem kemur inn á alla þessa þætti



Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáæt lun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<p>Hvað þarf að bæta?</p> <p>Fá auka stuðning fyrir þau börn sem eru í ferli með tilvísun inni hjá Þjónustumiðstöð. Auka gæði á samvinnu milli starfsfólks og einnig að foreldrar séu virkir þátttakendur í því sem er verið að vinna með, hverju sinni.</p>	<p>Að hverju er stefnt?</p>	<p>Hvernig framkvæm um við það?</p>	<p>Hvenær hefst og hvenær lokið?</p>	<p>Hver ber ábyrgð?</p>	<p>Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)</p>	<p>Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.</p>
	<p>Markvissu og góðu samstarfi á milli starfsfólks, foreldra og að talmeinafræðingar komi inn í starfsemi skólans og öllum börnum sem greinast með frávík sé sinnt</p>	<p>Allir starfsmenn skólans þekki vel til barnanna. Og hvað er verið að vinna með hverju sinni. Gott foreldra-samstarf. Senda</p>	<p>Skólaárið 2020-2021</p>	<p>Reykjavíkurborg, skólastjóri, sérkennslustjóri, deildarstjórar og allt starfsfólk leikskólans.</p>	<p>Daglegt „símat“. Endurmat reglulega. Gott upplýsingaflæði milli starfsmanna og foreldra. Skoðað á skipulagsdögum, í undirbúningstímum, á</p>	<p>Einstaklingsnámskrá, mats og færnistar. Teymisfundir með foreldrum, deildarfundir og almennt góðar upplýsingar á milli starfsmanna.</p>



		tilvísanir, Sækja um stuðning fyrir þau börn sem þurfa			deildarfundum, teymisfundum Gátlistar og ýmiss matskerfi sem til eru eins og t.d. Apes,Tras, EFI-2, Íslenski þroskalistinn,Hlj óm og fleiri matskerfi.	starfsmanna. Einnig milli foreldra og skóla.
	Sjálfsþing og lýðræði.					



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2020 – 2021 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2020 – 2021

Nafn leikskóla

Bjartahlíð

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Eygló Svala Arnarsdóttir

Hjalti Sigurðsson

Guðrún Ólafsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Áætlanir eru raunhæfar og starfsemi fjölbreytt og metnaðarfull, starfsdagar vel nýttir. Það er greinilegt að innleiðing menntastefnu skilar sér í leikskólastarfi og hefur góð áhrif á börnin. Verkefni tengd listsköpun, læsi, sjálfseflingu, lýðræði og félagsfærni eru bæði þroskandi og spennandi fyrir þau. Sérstök ánægja er með vísindastarf, í tengslum við vísindaleiki um varma. Verkefnið Vinátta til að koma í veg fyrir einelti er mjög mikilvægt.

Það er jákvætt að leikskólinn taki þátt í Erasmus verkefni, sé í samstarfi við leikskóla í öðrum löndum og sæki um styrki fyrir fleiri metnaðarfull verkefni. Foreldraráð telur að það sjáist að öflug þátttaka í þróunar- og samstarfsverkefnum hafi góð áhrif á starfsumhverfi leikskólakennara í Björtuhlíð og eigi þátt í góðum starfsanda. Enda er mikilvægt fyrir starfsmenn að hafa tækifæri að þroskast í starfi og hafa áhrif á starfsumhverfi sitt.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði eru mjög spennandi og vonandi er hægt að hefja framkvæmdir fljótlega. Svo virðist sem mannekla sé ekki jafn mikið vandamál og verið hefur og það er sérstaklega ánægjulegt að karlmönnum hefur fjölgað í starfsmannahópnum.

Foreldraráð vill hrósa starfsfólki leikskólans sérstaklega fyrir að hafa staðið sig vel í skipulagningu leikskólastarfs í verkfalli og kófi. Vel tókst að halda starfinu gangandi og koma í veg fyrir að ástandið hefði mikil áhrif á börnin.

Við höfum eina athugasemd varðandi fjölda funda: Foreldraráð fundaði allavega þrisvar á síðasta starfsári, en ekki tvisvar (haldnir voru einn eða tveir rafrænir fundir).

Einnig höfum við eina spurningu varðandi Barnamenningarhátíð og tónleika í Hörpu. Er gert ráð fyrir að þeir geti farið fram og munu elstu leikskólabörnin æfa sig fyrir tónleikana?

